

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 27. október 2015 og hófst kl. 15.30. Þetta var fyrsti fundur nýrrar málnefndar. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Ásta Kristín Benediksdóttir, Bjarki Karlsson, Brynhildur Þórarinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Hjörtur Hjartarson, Iuliana Kalenikova, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir, Þórhildur S. Sigurðardóttir og Þröstur Helgason. Guðrún Rögnvaldardóttir tilkynnti forföll. Sölvi Björn Sigurðsson mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Kosning í stjórn

Formaður fór yfir lög um Íslenska málnefnd (ÍM) og kynnti störf hennar. Hann óskaði síðan eftir framboðum í stjórn málnefndarinnar en auk formanns og varaformanns skipa hana þrír aðrir aðalmenn í nefndinni. Þrír buðu sig fram í stjórn og voru sjálfkjörnir: Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Nýja stjórn ÍM 2015–2019 skipa því Guðrún Kvaran, Ármann Jakobsson, Hilmar, Steinunn og Þröstur. Varamenn stjórnar eru: Brynhildur, fyrsti varamaður, Jóhann, annar varamaður, og Iuliana, þriðji varamaður.

2. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019

Formaður óskaði eftir tillögum um hvað málnefndin ætti að leggja áherslu á í væntanlegri stefnuskrá 2015–2019.

Samþykkt var að leggja sérstaka áherslu á máltækni í fyrirhugaðri stefnuskrá og að styðja tillögur nefndar um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni sem skilaði tillögum til ráðherra í desember 2014 (sjá <http://www.menntamalaraduneyti.is/meningarmal/utgafa/>). Nefndin leggur þar fram 10 ára langtímaáætlun í máltækni sem kosta mun um einn milljarð króna. Í fjárlögum 2016 stendur til að leggja 30 m.kr. í nýjan máltækisjóð en í tillögum verkefnisstjórnar er hins vegar sagt að þörf sé á 90 m.kr. Eiríkur sagði að Ísland væri langminnsta samfélagið þar sem jafnfámennt mál og íslenska væri notað á öllum sviðum þjóðfélagsins. Nefndin hefði lagt til þrjú áhersluverkefni, málfarsleiðréttingarforrit, vélrænar þýðingar og talgreiningu.¹ Haraldur spurði hvað þyrfti til þess að íslenska yrði valkostur við uppsetningu hugbúnaðar í raftækjum á borð við síma, lesbretti og staðsetningartæki og hvort ÍM vildi beita sér fyrir því að reglur yrðu settar um að tölvulyklaborð yrðu að vera með íslenskum stöfum.

Brynhildur vék að læsi og aðgangi barna að bókum. Bókasöfn grunnskólanna væru í raun hrunin og bókaútgáfa stæði mjög höllum fæti. Til að mynda hefðu aðeins komið út sex íslenskar unglingabækur í fyrra. Brynhildur vildi að áhersla yrði lögð á það að börn fengju *að alast upp á íslensku*. Ármann sagðist hafa áhyggjur af því að tengsl ungs fólks við bókmenntamálið íslensku væru við það að rofna. Íslenskar bókmenntir væru minna lesnar en

¹ Sjá úttekt Eiríks Rögnvaldssonar á stöðunni hér á landi núna í máltækni: <http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrænum-heimi/>.

áður og við það slitnaði þráður til fornbókmennta. Steinunn sagði að taka þyrfti foreldra inn í myndina. Melkorka sagði að allt sem hægt er að gera til að íslenskan þyki vera eins flott og enskan hjá ungu fólki væri mikilvægt.

Þriðja sem tekið verður fyrir í stefnuskránni er íslenskan í fjölmenningsamfélagi og áhrif ferðamanna. Bjarki nefndi að það væri dónaskapur að svara á ensku þeim sem ávarpar annan á íslensku. Slíkt væri hins vegar allt of algengt. Ásta Kristín sagði að það stefndi í það að allar upplýsingar í samfélaginu verði að vera á tveimur tungumálum, íslensku og ensku.

Annað sem lögð verður áhersla á í stefnuskrá er að gengið verði endanlega frá nýjum ritreglum Íslenskrar málnefndar (sjá um sögu þeirra fg. ÍM 1/2015, 2. lið) og gerð leitarsíðu fyrir almenning með þeim og Stafsetningarorðabókinni (sjá fg. stj. ÍM 4/2015, 3. lið). Auglýsa þyrfti nýjar ritreglur í Stjórnartíðindum. Með því yrðu endanlega leystar af hólmi auglýsingar um stafsetningu og greinarmerkjasetningu frá 1974 og 1977 sem væru að mörgu leyti úreltar. Melkorka nefndi að krafa fólks nú væri að geta fundið allar upplýsingar um málið og málfar á einni síðu, fólk væri vant því. Spurt var um nýjungar í ritreglunum. Ritari sagði að þær væru smávægilegar en meiri í framsetningu.

Ásta Kristín sagði að styðja þyrfti fólk í að stunda nýyrðamyndun sjálf og skapa ný orð, virkja þyrfti sem flesta. Almenningsi myndist eins og hann hefði ekki rétt til þess. Steinunn sagðist telja að dregið hefði úr boðvaldi að ofan á síðustu árum og allt væri orðið opnara. Eiríkur lagði til að Árnastofnun stofnaði vefsíðu í anda Slangurorðabókarinnar á Netinu þar sem fólk gæti komið með tillögur um nýyrði.

Bjarki lagði til að leitað yrði leiða til að tryggja landsmönnum gjaldfrjálsan aðgang að *Íslenskri orðabók* á Netinu.

Ritari vildi að málnefndin gagnrýndi fyrirtæki eins og íþróttavöruverslunina Sports Direct en upplýsingar um vörur á vefsíðu fyrirtækisins væru hráþýddar á íslensku með Google Translate og fyrirtæki eins og Toys“R“us en vöruupplýsingar á íslenskri vefsíðu þess væru nær eingöngu á ensku. Hann lagði til að ábendingar um þetta og annað yrðu birtar á vefsíðu málnefndarinnar eða Facebook-síðu ÍM sem mætti stofna. Nefndarmenn töldu að varlega þyrfti að fara í slíkri gagnrýni. Frekar þyrfti að hvetja fyrirtæki áfram sem standa sig vel.

Ný stjórn mun taka saman stefnuskrártillögur og senda til annarra í málnefndinni.

3. Önnur mál

a) *Styrkur til ÍM.* Formaður greindi frá því að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði veitt 3 m.kr. til málnefndarinnar til að standa straum af starfsemi sinni.

b) *Málræktarþing.* Vegna þess hve ný málnefnd tók seint til starfa gefst ekki tími til að hafa málræktarþing á hefðbundnum tíma í nóvember. Stefnit verður að því að hafa málræktarþing snemma á næsta ári, t.d. í janúar.

c) *Ályktun um íslenska tungu.* Nýrri stjórn var falið að semja drög að árlegri ályktun um stöðu íslenskrar tungu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.